

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi fyrir miðbæ – Hraun vegna Smyrlahrauns 41.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 8. maí sl. breytingu á deiliskipulagi, miðbær - Hraun. Breytingin felst í að á lóðinni sem áður var leikskólalóð er gert ráð fyrir búsetukjarna með 6-7 íbúðum ásamt sameiginlegri aðstöðu og þjónusturými að hámarki 600 m².

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. ágúst 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 2. september 2024